

**Alþingi***Erindi nr. P 128/1728**komudagur 18.3.2003*

Félagsmálanefnd Alþingis
b.t. Helgu E. Þórisdóttur nefndarritara
Alþingi við Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 14. mars 2003
SG/gh

Varðar tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla.

Tillagan lýtur að skipun starfshóps til að semja framkvæmdaáætlun um jafnt aðgengi fyrir fólk að ýmis konar þjónustu, stofnunum, upplýsingum o.fl. Í greinargerð eru raktar upplýsingar sem að meginefni koma frá skýrslu starfshóps um menningar- og tómstundastörf fatlaðra frá árinu 1999. Kemur þar fram að aðgengi fatlaðra er víða ábótavant hér á landi.

Í ljósi þess sem þegar er vitað hér á landi um aðgengi er full ástæða til að ofangreindur starfshópur verði skipaður. Landlæknisembættið er því hlynnt tillögunni.

Virðingarfyllst,

Sigurður Guðmundsson
landlæknir